

Forvarnarstefna Höfðaskóla byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Mikilvægur þáttur í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar* sem og vinna skólasamfélagsins að Grænfána verkefninu. Tilgangur stefnunnar er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð á eigin líðan og hegðun, viðurkenni mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum.

#### Markmið með forvörnum er að:

- stuðla að öflugum foreldrasamstarfi
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- styrkja félagsfærni
- efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum
- efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu

#### Leiðir að markmiðum:

- Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og vellíðan), útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma
- Stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám
- Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíl meðal nemenda
- Fræðsla til starfsfólks skólans
- Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans
- Starfsfólk grunnskólans sameinist um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp